

Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins þannig að hann verði lægri en kr. 20 000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa bæjarstjóri Ólafsfjarðar og þrír ættingjar frú Dönu Jóhannesdóttur og skulu þeir vera kjörnir á fundi sem afkomendur frú Dönu Jóhannesdóttur halda ár hvert. Á sama hátt skulu kjörnir tveir ættingjar til vara.

Endurskoðendur reikninga Elliheimilis Ólafsfjarðar skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 12. nóvember 1970.

F. h. Jóns Kr. Björnssonar samkv. umboði F. h. Rannveigar Jónsdóttur skv. umboði
Freyja Jónsdóttir. Freyja Jónsdóttir.

F. h. Hugljúfar Jónsdóttir skv. umboði F. h. Kristjáns Jónssonar skv. umboði
Freyja Jónsdóttir. Freyja Jónsdóttir.

Freyja Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga
nr. 159 frá 20. september 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, sem koma í stað samninga, sem falla úr gildi 31. desember 1970, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962:

1. Tímabil það, er sáttasemjari ríkisins hefur kjaradeiluna til meðferðar framlengist til 31. janúar 1971.
2. Hafi samningar ekki tekizt fyrir 1. febrúar 1971, tekur Kjaradómur kjaradeiluna til meðferðar, og skal hann hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir 1. marz 1971.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 201 8. september 1970.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.